

**Nd.**

**349. Nefndarálit**

um frumvarp til vegalaga.

Frá samgöngumálanefnd.

Stjórnarfrumvarp þetta er komið frá háttv. Ed. og hefir orðið þar fyrir litilsháttar breytingum, sem taldar eru á þskj. 179.

Vjer höfum yfirfarið frv. ítarlega með nefndum breytingartillögum og álitum, þótt á milli beri um nokkur einstök atriði, að með frv. sje mikilvæg og að mörgu leyti haldkvæmari skipun en áður gerð á vegamálunum yfirleitt.

Samkomulag hefir orðið um það, að haggja ekki við breytingum Ed., nema 3. lið, sem snertir 49. gr. frv., en þeirri grein teljum vjer ástæðu til að breyta í verulegum atriðum. Aðrar breytingar litilvægar leggjum vjer til, að gerðar verði á 4. og 7. gr.

7. gr. mælir svo fyrir, að fá skuli vegamálastjóra *fasta* aðstoðarmenn eftir þörfum. Vjer litum svo á, að eigi sje þörf að ákveða í þessum lögum föst embætti við þau störf eða óuppsegjanleg, og leggjum því til, að niður falli orðin í 1. og 2. málsg. 7. gr. »fasta« og »fastir«.

Um 49. gr. erum vjer þeirrar skoðunar, að rjett sje, til samræmingar við 4. gr. laga nr. 10 frá 1923, um samþyktir um sýsluvegasjóði, að taka upp hliðstæð ákvæði við hana um greiðslu sýsluvegagjalds frá kaupúnum, sem eru hreppsfielög út af fyrir sig. Þau hafa eftir vegalagabreytingunni frá 1911 getað leyst sig undan öllu sýsluvegagjaldi með hliðstæðum skilyrðum þeim, sem í nefndum samþyktarlögum eru sett fyrir því að losna við *hálf* sýsluvegagjaldið.

Vjer álitum auk þess varla sanngjarnlegt, að slíkir hreppar sleppi með öllu við þátttöku í sýsluvegagerð, og það því síður, sem vönduðustu og dýr-

ustu sýsluvegirnir tíðast liggja að eða frá kaupúnum, og eru því notaðir af kaupúnum og í þeirra þarfir engu síður en nærsveitanna.

Út af framansögðu viljum vjer því ráða háttv. deild til að samþykkja frv. með eftirfarandi

#### BREYTINGUM:

1. Við 4. gr.

Á eftir orðunum »ráðherra ákveður« komi: eftir tillögum vegamálastjóra.

2. Við 7. gr.

Orðin »fasta« í fyrstu málsgrein og »fastir« í annari málsgrein falli burtu.

3. Við 49. gr. Greinin orðist svo:

Í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelað út af fyrir sig, skal hálf sýsluvegagjaldið renna í sveitarsjóð, ef hreppsfjelaði hefir næsta ár á undan því, er það sýsluvegagjald var á lagt, varið til vegagerðar í verslunarstaðnum að minsta kosti jafnmiklu fje úr sveitarsjóði og nemur hálfu sýsluvegagjaldinu auk hreppsvegagjaldsins, sem það hafði til umráða það ráð, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið ekki lægra en 4 kr. á hvern verkfæran mann samkvæmt 18. gr. þessara laga.

Alþingi, 8. apríl 1924.

Sveinn Ólafsson,  
framsögumaður.

Árni Jónsson.

H. J. Kristófersson,  
með fyrirvara.

Pjetur Þórðarson,  
með fyrirvara.

Jeg var ekki sammála meðnefndarmönnum mínum um að láta frv. ganga fram að þessu sinni.

Einnig hafði jeg óskað, að frv. væri breytt í upphaflegt form, að því er snertir vegalagninguna í Vestur-Húnavatnssýslu.

Nánar við umræður í deildinni.

Jón A. Jónsson,  
formaður.